

Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna [lífeyrissjóður]

Verklagsreglur þessar eru m.a. settar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 og varða hæfi lykilstarfsmanna [lífeyrissjóður].

[lífeyrissjóður] gerir ríkar kröfur til hæfis og heilinda starfsmanna lífeyrissjóðsins, jafnt sem trúverðugleika og faglegrar hæfni þeirra. Markmið þessara verklagsreglna er að viðhalda trausti sjóðsfélaga og viðskiptaaðila, efla trúverðugleika [lífeyrissjóður] og draga úr hugsanlegri rekstrar- og orðsporsáhættu í rekstri lífeyrissjóðsins vegna starfa lykilstarfsmanna.

1. gr. Skilgreining

Lykilstarfsmaður er einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu lífeyrissjóðsins.

Stjórn [lífeyrissjóður] metur hvaða starfsmenn lífeyrissjóðsins teljast vera lykilstarfsmenn.

Störf sem teljast til lykilstarfa:

- [starfsmaður]
- [starfsmaður]

2. gr. Almenn hæfisskilyrði lykilstarfsmanna

Lykilstarfsmaður [lífeyrissjóður] þarf að uppfylla eftirfarandi hæfisskilyrði:

1. vera lögráða,
2. vera búsettur hér á landi,
3. má ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota,
4. vera fjárhagslega sjálfstæður,
5. hafa óflekkað mannorð,
6. má ekki á síðustu tíu árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl., eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.
7. búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt,
8. starfsferill hans skal vera með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.
9. má ekki taka þátt í atvinnurekstri, nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess. Slík þátttaka í atvinnurekstri má þó ekki vera til þess fallin að valda hagsmunaaðreksstrum eða skaða orðspor lífeyrissjóðsins.
10. má ekki gegna öðrum launuðum störfum, nema að fengnu leyfi stjórnar. Slík störf mega þó ekki vera til þess fallin að valda hagsmunaaðreksstrum eða skaða orðspor lífeyrissjóðsins.

Lykilstarfsmaður má ekki taka þátt í meðferð máls, eða undirbúningi eða úrlausn þess, ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans eða félag í einkaeigu þar sem hann á hagsmuna að gæta.

Ef lykilstarfsmaður sinnir eignastýringu verðbréfasafna fyrir [lífeyrissjóður] skal hann vera hæfur til þess á grundvelli menntunar sinnar og starfsreynslu og skal hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum.

3. gr. Framkvæmd hæfismats

Framkvæmdastjóri framkvæmir mat á hæfi þeirra einstaklinga sem teljast til lykilstarfsmanna. Stjórn [lífeyrissjóður] getur ákveðið að fela utanaðkomandi aðila að framkvæma hæfismat.

Við framkvæmd hæfismats skal staðreyna hvort almennum hæfisskilyrðum, sbr. 2. gr., sé fullnægt. Jafnframt skal framkvæma þekkingarhluta hæfismats sem felur í sér eftirfarandi:

- Meta þekkingu lykilstarfsmanns á þeim lögum, reglugerðum og reglum sem um starfsemi lífeyrissjóða gilda og þeim sérlögum sem gilda um starfssvið lykilstarfsmanns.
- Lykilstarfsmaður skal kunna skil á þeim grundvallaratriðum í starfsemi lífeyrissjóðsins sem varða starfsskyldur hans.

Stjórn [*lífeyrissjóður*] skal staðfesta hvaða efnisatriði skuli leggja til grundvallar við þekkingarhluta matsins.

Við hæfismatið skal hafa hliðsjón af hugsanlegri rekstrar- og orðsporsáhættu lífeyrissjóðsins vegna starfa viðkomandi lykilstarfsmanns.

Mat á hæfi lykilstarfsmanns, sem er í starfi við gildistöku þessara verklagsreglna, skal fara fram innan fjögurra mánaða frá gildistöku þeirra. Verði lykilstarfsmaður fluttur til í starfi skal framkvæma nýtt hæfismat innan þriggja mánaða teljist störfín ekki sambærileg og starfsmaður telst áfram vera í stöðu lykilstarfsmanns.

Meta skal hvort lykilstarfsmaður, sem ætlunin er að ráða til starfa eftir gildistöku þessara verklagsreglna, fullnægi almennum hæfisskilyrðum, sbr. 2. gr., áður en gengið er frá ráðningu hans. Þekkingarhluti matsins skal fara fram eigi síðar en þremur mánuðum eftir að hann tekur við starfi.

Lykilstarfsmanni sem stenst ekki þekkingarhluta hæfismatsins gefst kostur á að taka þann hluta upp aftur innan þriggja mánaða.

Uppfylli lykilstarfsmaður ekki hæfisskilyrðin, eða leiki af öðrum ástæðum vafi á að æskilegt sé að hann gegni lykilstarfi, skal stjórn lífeyrissjóðsins, að fengnu álit framkvæmdastjóra, meta hvort viðkomandi lykilstarfsmaður eigi að gegna lykilstarfi í þágu lífeyrissjóðsins.

4. gr. Upplýsinga- og tilkynningarskylda lykilstarfsmanns

Lykilstarfsmanni ber að gefa réttar upplýsingar um þau atriði sem kanna þarf við framkvæmd hæfismats. Lykilstarfsmaður skal upplýsa framkvæmdastjóra tafarlaust um hverjar þær breytingar sem verða á högum hans, sem kynnu að leiða til endurskoðunar á hæfismati.

Lykilstarfsmanni er skylt að tilkynna framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins ef sú staða kemur upp að hann fái réttarstöðu grunaðs manns í sakamáli sem varðar atvinnurekstur eða starfsemi á fjármálamarkaði. Fái lykilstarfsmaður slíka stöðu skal stjórn lífeyrissjóðsins, að fengnu álit framkvæmdastjóra, meta hvort viðkomandi lykilstarfsmaður eigi að víkja tímabundið úr stöðu sinni á meðan rannsókn stendur yfir.

Við mat á hæfi lykilstarfsmanns áskilur [*lífeyrissjóður*] sér rétt til að kalla eftir öllum þeim gögnum sem hann telur nauðsynlegt, þ.m.t. sakavottorði og veðbókarvottorði. Gæta skal öryggis og trúnaðar við varðveislu slíkra gagna.

5. gr. Upplýsingar um lykilstarfsmenn

[*Lífeyrissjóður*] heldur skrá yfir lykilstarfsmenn sína, þar sem fram kemur hverjir teljist til lykilstarfsmanna lífeyrissjóðsins, hvaða stöðu þeir gegna og hvers vegna þeir teljast til lykilstarfsmanna.

6. gr. Viðurlög

Gefi lykilstarfsmaður rangar eða villandi upplýsingar, í tengslum við hæfismat sem gert er á grundvelli þessara verklagsreglna, getur það varðað áminningu eða uppsögn.

7. gr. Birting

Verklagsreglur þessar skal birta á heimasíðu lífeyrissjóðsins.

Leiðbeiningar með verklagsreglum um hæfi lykilstarfsmanna

Verklagsreglur þessar eru m.a. settar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 og varða hæfi lykilstarfsmanna [*lífeyrissjóður*].

[*lífeyrissjóður*] gerir ríkar kröfur til hæfis og heilinda starfsmanna lífeyrissjóðsins, jafnt sem trúverðugleika og faglegrar hæfni þeirra. Markmið þessara verklagsreglna er að viðhalda trausti sjóðsfélaga og viðskiptaaðila, efla trúverðugleika [*lífeyrissjóður*] og draga úr hugsanlegri rekstrar- og orðsporsáhættu í rekstri lífeyrissjóðsins vegna starfa lykilstarfsmanna.

Rekstraráhætta: Hætta á tapi sem stafar af ófullnægjandi innri ferlum, fólki og kerfum, eða af ytri atburðum þ.m.t. lögfræðileg áhætta.

Orðsporsáhætta: Hætta er á verulega neikvæðu viðhorfi gagnvart aðila í fjármálastarfsemi vegna athafna/athafnaleysis hans eða annarra, hvort sem það er réttmætt viðhorf eða ekki, sem getur haft áhrif á lánstraust og viðskiptavild aðilans vegna þess að almenn tiltrú hans bíður álitshnekki.

1. gr. Skilgreining

Lykilstarfsmaður er einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu lífeyrissjóðsins.

Stjórn [*lífeyrissjóður*] metur hvaða starfsmenn lífeyrissjóðsins teljast vera lykilstarfsmenn.

-
-

Hver og einn lífeyrissjóður þarf að skilgreina hvaða starfsmenn falla undir að vera lykilstarfsmenn. Dæmi um stöður sem geta fallið undir að vera lykilstarfsmenn:

- Staðgengill framkvæmdastjóra
- Skrifstofustjóri / fjármálastjóri
- Yfirmaður eignastýringar.

2. gr. Almenn hæfisskilyrði lykilstarfsmanna

Lykilstarfsmaður [*lífeyrissjóður*] þarf að uppfylla eftirfarandi hæfisskilyrði:

1. vera lögráða,
2. vera búsettur hér á landi,
3. má ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota,
4. vera fjárhagslega sjálfstæður,
5. hafa óflekkað mannorð,
6. má ekki á síðustu tíu árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl., eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.
7. búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt,
8. starfsferill hans skal vera með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt,

Staðreynd þarf með sannanlegum hætti að hæfisskilyrðum sé fullnægt.

Skýringar við einstaka liði:

- 1. Einstaklingur telst vera lögráða ef hann er sjálfráða og fjárráða. Starfsmaður undirritar yfirlýsingu um lögræði, sjá fylgiskjal 1. Einnig er hægt að fá staðfestu á lögræði einstaklings hjá innanríkisráðuneytinu gegn framvísun umboðs.*
- 2. Fletta starfsmanni upp í þjóðskrá til að staðfesta búsetu viðkomandi.*
- 3. Uppfletting í vanskilaupplýsingum Creditinfo Lánstrausts hf. að fengnu upplýstu samþykki, sjá fylgiskjal 1.*
- 4. Fjárhagsstaða lykilstarfsmanns verður að vera með þeim hætti að fjárhagslegt sjálfstæði hans verði ekki dregið í efa. Uppfletting í vanskilaupplýsingum Creditinfo Lánstrausts hf. að fengnu upplýstu samþykki, sjá fylgiskjal 1.*
- 5. Skilgreining hjá Wikipedia: „Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsálitni nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar. Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.“ Hægt að fá upplýsingar hjá Sakaskrá ríkisins um hvort viðkomandi starfsmaður hafi fengið dóm fyrir refsiverðan verknað. Áður þarf starfsmaður að veita upplýst samþykki sitt og umboð, sjá fylgiskjal 2. Beiðni um upplýsingar hjá Sakaskrá ríkisins skal senda á netfangið sigridur.laxness@tmd.is.*
- 6. Hægt að fá upplýsingar hjá Sakaskrá ríkisins um hvort viðkomandi starfsmaður hafi fengið dóm fyrir refsiverðan verknað. Áður þarf starfsmaður að veita upplýst samþykki sitt og umboð, sjá fylgiskjal 2. Beiðni um upplýsingar hjá Sakaskrá ríkisins skal senda á netfangið sigridur.laxness@tmd.is.*
- 7. Þekkingarhluti hæfismatsins tekur á þessum lið.*
- 8. Kanna ferilsskrá og árangur starfsmanns í fyrri störfum og hafa rekstrar- og orðsporsáætlu til hliðsjónar. Hér er um að ræða mat á hvort fyrri háttsemi sé til þess fallin að draga í efa hæfni lykilstarfsmanns eða að hann muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða lífeyrissjóðinn. Fjármálaeftirlitið bendir á í leiðbeiningum sínum um verklagsreglur um mat á hæfi lykilstarfsmanna að við mat á starfsferli er m.a. hægt að hafa hliðsjón af því hvort lykilstarfsmaður hafi sætt rannsókn opinberra eftirlitsaðila, hvort höfðað hafi verið mál á hendur honum, hvort réttmætar kvartanir hafi beinst gegn honum vegna eftirlitsskyldrar starfsemi, hvort hann hafi verið stjórnandi fyrirtækis sem orðið hefur gjaldþrota og hvort honum hafi verið sagt upp störfum vegna athafna sinna eða athafnaleysis.*

Lykilstarfsmaður má ekki taka þátt í atvinnurekstri, nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess. Slík þátttaka í atvinnurekstri má þó ekki vera til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum eða skaða orðspor lífeyrissjóðsins.

Jafnframt má lykilstarfsmaður ekki gegna öðrum launuðum störfum, nema að fengnu leyfi stjórnar. Slík störf mega þó ekki vera til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum eða skaða orðspor lífeyrissjóðsins.

Lykilstarfsmaður má ekki taka þátt í meðferð máls, eða undirbúningi eða úrlausn þess, ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans eða félag í einkaeigu þar sem hann á hagsmuna að gæta. Hafa þarf í huga hvort lykilstarfsmaður getur orðið viðvarandi vanhæfur vegna tengsla sinna við aðila sem sjóðurinn á stöðugt samskipti eða viðskipti við.

Ef lykilstarfsmaður sinnir eignastýringu verðbréfasafna fyrir [lífeyrissjóður] skal hann vera hæfur til þess á grundvelli menntunar sinnar og starfsreynslu og skal hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum.

Fá staðfestingu frá starfsmanni um að hann hafi lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Einnig er hægt að fletta starfsmanni upp á heimasíðu Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins undir málaflökknum verðbréfaviðskipti:

http://www.efnahagsraduneyti.is/malaflokkar/verdbrefavidskipti/nafn_prof_verdbrefavidskipti/

3. gr. Framkvæmd hæfismats

Framkvæmdastjóri framkvæmir mat á hæfi þeirra einstaklinga sem teljast til lykilstarfsmanna. Stjórn [lífeyrissjóður] getur ákveðið að fela utanaðkomandi aðila að framkvæma hæfismat.

Stjórn getur ákveðið að fá utanaðkomandi aðila til að framkvæma hæfismat ef hún t.d. telur að samskipti framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna séu það náin að þau geti dregið úr trúverðugleika matsins.

Við framkvæmd hæfismats skal staðreyna hvort almennum hæfisskilyrðum, sbr. 2. gr., sé fullnægt. Jafnframt skal framkvæma þekkingarhluta hæfismats sem felur í sér eftirfarandi:

- Meta þekkingu lykilstarfsmanns á þeim lögum, reglugerðum og reglum sem um starfsemi lífeyrissjóða gilda og þeim sérlögum sem gilda um starfssvið lykilstarfsmanns.
- Lykilstarfsmaður skal kunna skil á þeim grundvallaratriðum í starfsemi lífeyrissjóðsins sem varða starfsskyldur hans.

Stjórn [lífeyrissjóður] skal staðfesta hvaða efnisatriði skuli leggja til grundvallar við þekkingarhluta matsins.

*Gæta þarf vel að skjölun svo hægt sé að sýna fram á að matið hafi verið framkvæmt með sannanlegum hætti.
Útbúa þarf lista yfir þau efnisatriði sem styðjast á við þegar þekkingarhluti hæfismatsins fer fram.*

Við hæfismatið skal hafa hliðsjón af hugsanlegri rekstrar- og orðsporsáhættu lífeyrissjóðsins vegna starfa viðkomandi lykilstarfsmanns.

Mat á hæfi lykilstarfsmanns, sem er í starfi við gildistöku þessara verklagsreglna, skal fara fram innan fjögurra mánaða frá gildistöku þeirra. Verði lykilstarfsmaður fluttur til í starfi skal framkvæma nýtt hæfismat innan þriggja mánaða teljist störfín ekki sambærileg og starfsmaður telst áfram vera í stöðu lykilstarfsmanns.

Meta skal hvort lykilstarfsmaður, sem ætlunin er að ráða til starfa eftir gildistöku þessara verklagsreglna, fullnægi almennum hæfisskilyrðum, sbr. 2. gr., áður en gengið er frá ráðningu hans. Þekkingarhluti matsins skal fara fram eigi síðar en þremur mánuðum eftir að hann tekur við starfi.

Lykilstarfsmanni sem stenst ekki þekkingarhluta hæfismatsins gefst kostur á að taka þann hluta upp aftur innan þriggja mánaða.

Uppfylli lykilstarfsmaður ekki hæfisskilyrðin, eða leiki af öðrum ástæðum vafi á að æskilegt sé að hann gegni lykilstarfi, skal stjórn lífeyrissjóðsins, að fengnu álitum framkvæmdastjóra, meta hvort viðkomandi lykilstarfsmaður eigi að gegna lykilstarfi í þágu lífeyrissjóðsins.

4. gr. Upplýsinga- og tilkynningarskylda lykilstarfsmanns

Lykilstarfsmanni ber að gefa réttar upplýsingar um þau atriði sem kanna þarf við framkvæmd hæfismats. Lykilstarfsmaður skal upplýsa framkvæmdastjóra tafarlaust um hverjar þær breytingar sem verða á högum hans, sem kynnu að leiða til endurskoðunar á hæfismati.

Lykilstarfsmanni er skylt að tilkynna framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins ef sú staða kemur upp að hann fái réttarstöðu grunaðs manns í sakamáli sem varðar atvinnurekstur eða starfsemi á fjármálamarkaði. Fáa lykilstarfsmaður slíka stöðu skal stjórn lífeyrissjóðsins, að fengnu álitum framkvæmdastjóra, meta hvort viðkomandi lykilstarfsmaður eigi að víkja tímabundið úr stöðu sinni á meðan rannsókn stendur yfir.

Við mat á hæfi lykilstarfsmanns áskilur [*lífeyrissjóður*] sér rétt til að kalla eftir öllum þeim gögnum sem hann telur nauðsynlegt, þ.m.t. sakavottorði og veðbókarvottorði. Gæta skal öryggis og trúnaðar við varðveislu slíkra gagna.

Sjá skýringar við 2. gr. um hvernig hægt er að afla upplýsinga og gagna. Samkvæmt álit Persónuverndar er óheimilt að prenta út eða geyma rafrænt upplýsingar um fjárhagsstöðu sem fengnar eru í skrá Creditinfo Lánstrausts hf. Það er þó heimilt að færa til bókar upplýsingar úr skránni sem nýttar eru við hæfismatið á lögmetum og málefnalegum grundvelli. Varðveita má upplýsingar úr skrá Creditinfo Lánstrausts hf., auk sakarvottorðs, svo lengi sem nauðsynlegt er í þágu málefnalegs tilgangs með öflun þeirra. Eyða skal upplýsingum og gögnum sem aflað er vegna hæfismats þegar viðkomandi telst ekki lengur vera lykilstarfsmaður lífeyrissjóðsins.

5. gr. Upplýsingar um lykilstarfsmenn

[*Lífeyrissjóður*] heldur skrá yfir lykilstarfsmenn sína þar sem fram kemur hverjir teljist til lykilstarfsmanna lífeyrissjóðsins, hvaða stöðu þeir gegna og hvers vegna þeir teljast til lykilstarfsmanna.

Hver og einn lífeyrissjóður þarf að útbúa skrá yfir lykilstarfsmenn, sjá fyrirmynd í fylgiskjali 3. Í leiðbeinandi tilmælum nr. 3/2010 kemur fram að Fjármálaeftirlitið muni kanna með reglulegum hætti þessa skrá.

6. gr. Viðurlög

Gefi lykilstarfsmaður rangar eða villandi upplýsingar, í tengslum við hæfismat sem gert er á grundvelli þessara verklagsreglna, getur það varðað áminningu eða uppsögn.

7. gr. Birting

Verklagsreglur þessar skal birta á heimasíðu lífeyrissjóðsins.

Þetta er í samræmi við leiðbeinandi tilmælum nr. 3/2010. Einungis þarf að birta verklagsreglurnar sjálfar, þ.e. ekki skrá yfir lykilstarfsmenn eða leiðbeiningar þessar.

Viðauki 1 - Yfirlýsing starfsmanns

Á grundvelli leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna ber [*lífeyrissjóður*] að setja verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna. Á grundvelli verklagsreglnanna ber lífeyrissjóðnum að framkvæma mat á hæfi þeirra einstaklinga sem teljast vera lykilstarfsmenn sjóðsins. Hæfisskilyrðin fela m.a. í sér að lykilstarfsmaður sé lögráða, hann sé fjárhagslega sjálfstæður og að hann hafi ekki verið úrskurðaður gjaldþrota á síðustu fimm árum.

Til þess að lífeyrissjóðurinn geti sannreynt að þessum skilyrðum sé fullnægt þarf viðkomandi starfsmaður að staðfesta með undirritun sinni að hann sé lögráða. Eins þarf starfsmaður að veita lífeyrissjóðnum heimild til að fletta starfsmanni m.a. upp í vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. til að meta fjárhagslegt sjálfstæði og kanna hvort hann hafi verið úrskurðaður gjaldþrota á síðustu fimm árum.

Samkvæmt álit Persónuverndar er óheimilt að prenta út eða geyma rafrænt upplýsingar um fjárhagsstöðu sem fengnar eru í skrá Creditinfo Lánstrausts hf. Lífeyrissjóðnum er þó heimilt að færa til bókar upplýsingar úr skránni sem nýttar eru við hæfismatið á lögmætum og málefnalegum grundvelli.

Ég undirrituð/aður lýsi hér með yfir og staðfesti með undirskrift minni að ég er lögráða, sbr. skilgreiningu lögræðis laga nr. 71/1997. Jafnframt veiti ég [*lífeyrissjóður*] heimild til að fletta kennitölu minni upp í vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. Auk þess lýsi ég því hér með yfir að ég hef gefið réttar upplýsingar um þau atriði sem kanna þarf við framkvæmd hæfismats míns. Ég mun upplýsa framkvæmdastjóra tafarlaust um hverjar þær breytingar sem verða á högum mínum sem kunna að leiða til endurskoðunar á hæfismati. Að lokum staðfesti ég að mér er kunnugt um að mér sé skylt að tilkynna framkvæmdastjóra ef sú staða kemur upp að ég fái réttarstöðu grunaðs manns í sakamáli sem varðar atvinnurekstur eða starfsemi á fjármálamarkaði.

Nafn

Kennitala

Staður og dagsetning

Viðauki 2 – umboð til að fá upplýsingar hjá Sakaskrá ríkisins

Á grundvelli leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna ber [lífeyrissjóður] að setja verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna. Á grundvelli verklagsreglnanna ber lífeyrissjóðnum að framkvæma mat á hæfi þeirra einstaklinga sem teljast vera lykilstarfsmenn sjóðsins. Hæfisskilyrðin fela m.a. í sér að lykilstarfsmaður þarf að hafa óflekkað mannorð og má ekki á síðustu tíu árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl., eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Til þess að lífeyrissjóðurinn geti sannreynt að þessum skilyrðum sé fullnægt þarf að kalla eftir upplýsingum um viðkomandi starfsmann hjá Sakaskrá ríkisins. Lífeyrissjóðurinn fær eingöngu slíkar upplýsingar á grundvelli umboðs starfsmanns og er því óskað eftir að starfsmaður fylli út upplýsingarnar hér fyrir neðan.

Umboð til [lífeyrissjóður] til að fá upplýsingar hjá Sakaskrá ríkisins.

Ég undirrituð/aður veiti hér með [lífeyrissjóður] umboð til að fá upplýsingar hjá Sakaskrá ríkisins um hvort ég hafi hlotið dóm á síðustu tíu árum.

Nafn

Kennitala

Staður og dagsetning

Viðauki 3 – Skrá yfir lykilstarfsmenn

Lífeyrissjóðir þurfa að halda skrá yfir lykilstarfsmenn sína í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna. Í tilmælunum kemur fram að Fjármálaeftirlitið telur það vera í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti að ávallt liggi fyrir hjá lífeyrissjóðum skrá yfir hverjir teljist til lykilstarfsmanna sjóðsins, hvaða stöðu þeir gegna og hvers vegna þeir teljast til lykilstarfsmanna.

Hægt er að stilla upp skránni með eftirfarandi hætti:

Nafn starfsmanns	Starfsheiti	Ástæða fyrir því að viðkomandi telst vera lykilstarfsmaður